

Reykjavíkurborg, hér eftir nefndur styrkveitandi, kt. 530269-7609, Ráðhúsi Reykjavíkur annars vegar og Taflfélag Reykjavíkur kt. 640269-7669 hér eftir nefndur styrkþegi, hins vegar gera með sér svohljóðandi:

Samning vegna:

Starfsemi á árunum 2020 - 2022

1.gr.

Styrkþegi skuldbindur sig til að hefja framkvæmd hins styrkveitta verkefnis í samræmi við hjálagða umsókn og samþykkt um úthlutun styrksins innan þriggja mánaða frá undirritun samningsins. Eigi síðar en í árslok skal verkefnið vera að fullu komið til framkvæmdar.

Styrkþegi skal skila styrkveitanda skýrslu um framvindu verkefnisins fyrir lok ársins/verkefnisins í samræmi við 10. gr. reglna Reykjavíkurborgar um styrki.

Skýrslunni skal fylgja greinargerð sem hægt er að nálgast á slóðinni:

<http://www.reykjavik.is/styrkir>. Styrkþegi skal skila inn framvinduskýrslu áður en seinni greiðsla styrks fer fram sbr. 2. gr. Skili styrkveitandi ekki inn greinargerð fellur samningurinn úr gildi og styrkveitanda er heimilt að krefja styrkþega um endurgreiðslu þess sem þegar hefur verið greitt.

Styrkþegi skal veita upplýsingar um þátttöku í starfinu, eftir kyni, sé þess óskað. Samkvæmt styrkjareglum Reykjavíkurborgar skulu styrkþegar hafa kynnt sér styrkjareglur og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og fylgja þeim við framkvæmd hins styrkta verkefnis.

2.gr.

Veittur er styrkur til verkefnisins að fjárhæð kr. 12.000.000.- , eða 4.000.000 ár hvert, vegna reksturs félagsins og fasteigna. Styrkurinn greiðist sem hér segir ár hvert:

1. apríl	2.000.000.-
1. sept.	2.000.000.-

Greiðsla skal innt af hendi inn á bankareikning styrkþega nr. 0101-26-640269

3.gr.

Umsjón og eftirlit með styrkveitingunni og framkvæmd verkefnisins fyrir styrkveitanda er hjá Íþróttá- og tómstundasviði Reykjavíkurborgar. Ábyrgðaraðili og tengiliður verkefnisins fyrir hönd styrkþega er Ríkharður Sveinsson.

4.gr.

Styrkþegi skal ávallt láta þess getið í öllu kynningarefni að verkefnið hafi hlotið styrk frá Reykjavíkurborg og skal verkefnið auðkennt með merki Reykjavíkurborgar. Styrkþega er

skylt að kynna verkefnið hjá fagsviðum og fagráðum Reykjavíkurborgar hvenær sem þess er óskað án sérstakrar þóknunar.

5.gr.

Telji styrkþegi sig ekki geta uppfyllt ákvæði samnings þessa skal styrkveitenda tilkynnt það tafarlaust skriflega. Sama gildir ef styrkþegi telur sig ekki getað framkvæmt verkefnið í samræmi við hjálagða umsókn. Styrkþegi skal þá endurskoða verkefnaáætlunina svo markmiðum samningsins verði náð. Takist endurskoðun ekki er styrkveitanda heimilt að rifta samningi þessum og krefjast endurgreiðslu styrksins að öllu leyti.

Áður en til riftunar kemur skal styrkveitandi skora á styrkþega að efna samninginn innan 30 daga því að honum berst sannarlega tilkynning samkvæmt ofangreindu ákvæði. Ef framlag styrkþega er notað í öðrum tilgangi en samkvæmt samningi þessum eða á þann hátt að gengur í berhögg við markmið og stefnu Reykjavíkurborgar áskilur styrkveitandi sér rétt til að rifta samningum og/eða krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti þegar í stað. Við endurgreiðsluna bætast hæstu löglegu dráttarvextir Seðlabanka Íslands hverju sinni frá og með þeim degi að liðinn er mánuður frá því að krafa um endurgreiðslu var gerð. Endurgreiðsla tekur mið af breytingum samkvæmt vistölu neysluverðs eins og hún var við undirritun samnings. Rísi mál vegna efnda samningsins skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Framsal

Styrkþega er með öllu óheimilt að framselja skyldur sínar samkvæmt samningi þessum án samþykkis styrkveitenda.

Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Reykjavík, 2019

F.h. Taflfélags Reykjavíkur

F.h. Reykjavíkurborgar

Vottar: